

Sp.

31. Fyrirspurn

[31. mál]

til menntamálaráðherra um aðgerðir til að bæta úr kennaraskorti og efla skólastarf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað líður störfum samstarfsnefndar menntamálaráðuneytisins og Bandalags kennarafélaga sem skipuð var að frumkvæði menntamálaráðherra s.l. vetur og ætlað er m.a. að ræða um aðgerðir „svo unnt sé að bæta starfsaðstöðu í skólum, gera kennarastarfið eftirsóknarverðara og efla skólastarf í landinu“?
2. Hvaða tillögur hafa komið fram í nefndinni og hverjar þeirra eru komnar til framkvæmda?
3. Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að laða menntaða kennara til starfa og hvað er ráðgert í því efni á næstu mánuðum?